

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 21. ágúst 2019
UST201905-215/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit, 27. maí 2019, á urðunarstað Norðurþings við Kópasker


Þann 27. maí sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Norðurþings við Kópasker. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi tvö eldri frávik.

Engin frávik komu fram við eftirlit og tvær ábendingar voru gerðar.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Frigg Thorlacius
Frigg Thorlacius

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurþing - urðun við Kópasker urðun við Kópasker



Dags eftirlits	27.5.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Norðurþing - urðun við Kópasker	Eftirlitsmaður	
Heimili	Ketilsbraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	640169-5599	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Smári Jónas Lúðvíksson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	615746,542 649342,948

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin ný frávik komu fram við eftirlitið og tvær ábendingar eru gerðar. Eitt eldra frávik er varðar magn brotamálms er nú lokið, tvö önnur eldri frávik er varðar skil á skráningum og magn úrgangs eru enn opin.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með urðunarstað Norðurþings við Kópasker. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Skráningar (gr. 5.1)
3. Tilkynningar vegna mengunaróhappa (gr. 2.6)
4. Tryggingar (gr. 2.11)
5. Síðasta eftirlitsskýrsla
6. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
7. Skoðunarferð um svæðið

Eftirlitið hófst á fundi með fulltrúa rekstraraðila í stjórnsýsluhúsi Norðurþings á Húsavík. Fram kom að árið 2018 fór urðunarstaðurinn um 3,5 tonn fram úr heimild. Nú stendur fyrir dyrum átak í flokkun á vegum sveitarfélagsins og vonast fulltrúi rekstraraðila til þess að á þessu ári, eða því næsta, muni móttekið magn á urðunarstaðnum vera undir leyfilegu magni.

Samkvæmt gr. 5.4 í starfsleyfi skal rekstraraðili senda til eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert. Rekstraraðili hefur skilað inn magntölum úrgangs, upplýsingum um úrgang hafnað til urðunar, niðurstöðum eftirlitsmælinga og veðurfarsgögnum, sbr. tl. 1-2 og 6-10 Upplýsingum um tl. 3-5 og 11 er varða stöðuna á urðunarstaðnum, sigmaelingar, mengunaróhöpp og daglega uppgufun hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila. Er rekstraraðila bent á að skila öllum niðurstöðum skráninga í einni skýrslu við næstu skýrsluskil.

Rætt var um viðbragðsáætlun og voru nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa kynntar. Rekstraraðila er bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína í samræmi við leiðbeiningarnar ef þörf er á.

Farið var yfir niðurstöður síðustu eftirlitsskýrslu, en við síðasta eftirlit komu fram þrjú frávik frá starfsleyfi er varða skil á skráningum, mikið magn brotamálms á svæðinu og magn úrgangs. Rekstraraðili sendi stofnuninni úrbótaáætlun sem var samþykkt af stofnuninni. Bætt hefur verið úr fráviki frá gr. 1.2 er varðar magn brotamálms á svæðinu og var það staðfest í eftirliti, frávikan telst því lokið. Frávik frá gr. 5.1 vegna vanskila á niðurstöðum skráninga er enn opið þar sem rekstraraðili hefur ekki skilað inn öllum niðurstöðum skráninga. Frávik frá gr. 1.2 er varðar magn úrgangs er enn opið þar sem magnið er enn umfram heimild. Þó hefur mikið unnið í þessum málum hjá rekstraraðila og fór framurkeyrlan úr 116 tonnum árið 2017 niður í 3,5 tonn fyrir 2018.

Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða var kynnt í eftirlitinu. Samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að byggja til vettvangsheimsóknar á kerfisbundnu áhættumati á umhverfishættu viðkomandi starfsemi. Áhættumat ársins 2019 verður notaður sem grunnur við gerð eftirlitsáætlunar 2020.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um urðunarstaðinn við Kópasker. Svæðið er snyrtilegt á að líta, skipulag gott og verklag í samræmi við starfsleyfi.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á að skila öllum niðurstöðum skráninga í einni skýrslu við næstu skýrsluskil.
2. Uppfæra skal viðbragðsáætlun í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa, ef þörf er á.

ANNAÐ

Einnig var viðstaddur eftirlitið Þorkell Björnsson frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Reykjavík, 21.08.2019

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir